

Verkefnaráð

Fundargerðir: *Verkefnaráð*

Fundargerð 21.09.2022	2
1. Hlaðan, ósk um fjárheimild vegna Borgarlandsviðmóts (Kristjana Nanna) 15mín	2
2. Verkefni í vanda - M365, staða og flöggun á kostnaði (Sigurlaug) 15mín.....	3

Verkefnaráðsfundur 21.09.2022

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Aukafundur
Dagsetning 21.09.20220	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Friðþjófur Bergman, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Kristjana Nanna Jónsdóttir, Sigurlaug Björg Stefánsdóttir	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

Verkefni í vanda

1. Hlaðan, ósk um fjárheimild vegna Borgarlandsviðmóts (Kristjana Nanna) 15mín
2. Verkefni í vanda - M365, staða og flöggun á kostnaði (Sigurlaug) 15mín
3. Fundi slitið

Fundargerð

1. Hlaðan, ósk um fjárheimild vegna Borgarlandsviðmóts (Kristjana Nanna) 15mín

- a. Grundvallargögn: Minnisblað og kynning

Vörustjóri fer yfir þróun vörunnar og gerir grein fyrir því að óskað er fyrir heimild fyrir aukafjármagni inn í verkefnið. Verkefnið var sameinað við hlöðuna seinni hluta 2021 og átti þá að vera næstu lokið. Grundvöllur beiðinnar liggur í því að yfirfærsla gagna og sameining kóðabasa er viðameiri en gert var ráð fyrir í frum-skilgreiningu. Beiðnin felur í sér kaup á sérfræðipjónustu af fyrirtækinu Hugviti, sem gæti numið allt að 1300 klst. (allt að 24. milljón. kr.). Vörustjóri gerir grein fyrir því að rými er innan gildandi fjárheimildar fyrir þessum kostnaði og rúmast hann innan samnings Hlöðunnar.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Verkefnaráð óskar eftir því að skoða málið betur og að skoða hvort upprunalega skilgreiningin á Borgarlandsviðmóti sé ranglega staðsett innan vörunnar, Hlaðan. Verkefnaráð vill endurskoða skilgreiningu á þessari vöru og telur að hún sé ekki hluti að Hlöðunni. Þá er um að ræða verkefni sem þyrfti að kynna, setja í utnumhald og setja fyrir Stafræna ráðið.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
-----	--------	--------------	-------

1.	Pröstur ætlar að tala við Óskar Þór og Nönnu vörustjóra um að endurskilgreina verkefnið. Stefnt er að því að verkefnið fari þar næst fyrir í Stafræna ráðið.	Pröstur Sigurðsson	12.10.2022
----	--	--------------------	------------

Aftur í efnisyfirlit

Fundargerð

2. Verkefni í vanda- M365, staða og flöggun á kostnaði (Sigurlaug) 15mín

a. Gögn: Kynning

Verkefnastjóri fer yfir stöðu verkefnisins og gerir grein fyrir því að ef verkefnið heldur áfram með óbreyttum hætti þá mun það fara fram úr fjárheimild um mitt ár 2023. Ástæða þessa eru breyttar forsendur sem liggja nú fyrir sem hafa áhrif á einstaka kostnaðarliði.

Þar er um að ræða aðkeypta sérfræðipjónustu vegna m.a. vegna Teams símkerfis, fræðslu, yfirfærslu af rvkskolar og Sharepoint vinnu sem átti að falla undir rekstrarsamning Microsoft. Þar er átt við að vinna sem unnin er af starfsfólki UTR er meiri en gert var ráð fyrir og hins vegar þá hefur Microsoft leyfiskostnaður hækkað samkvæmt gjaldskrá, og því er sá kostnaðarliður hærri en gert var ráð fyrir í upphafi

Þá hefur innleiðing á Teams símkerfinu verið unnin hraðar en gert var ráð fyrir sem og að innkaup á símtækjum á starfsstöðvum bættust við áætlunina. Innkaup á símtækjum eru nauðsynleg þar sem þau tryggja öryggi.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
2.	Endurskoða þarf nálgun verkefnisins. Verkefnaklasinn er á tveimur heimildabeiðnum og mögulega eru undir verkefnaklasanum kominn verkefni sem ættu að heyra undir aðra verkefnaklasa. Þá þarf að skoða sérstaklega undir verkefnið, stofnskrá- réttleiki gagna. Verkefnaráð hrósar verkefnastjóra fyrir gott utnumhald verkefnisins.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
3.	Friðþjófur ætlar að skoða heimildabeiðninnar og grunnagnaverkefnið sérstaklega. Hann mun koma með þessar uppl. aftur inn í verkefnaráð.		

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 28.09.2022

Aftur í efnisyfirlit

